# GETUR ÞÚ HJÁLPAÐ
# ... ÞEGAR Á REYNIR?

1 Tryggðu fyrst eigið öryggi og síðan annarra

2 Hringdu í 112 EINN EINN TVEIR

3 Opnaðu öndunarveginn og reyndu endurlífgun ef ekki finnst lífsmark

4 Stöðvaðu blæðingu

## ENDURLÍFGUN

**Notaðu blástursaðferð** – ef viðkomandi andar ekki.
**Veittu hjartahnoð** – ef ekkert lífsmark finnst.



### Blástursaðferð og hjartahnoð

112
- Hringdu í **112** ef um skyndilegt meðvitundarleysi er að ræða.
- Opnaðu öndunarveginn með því að sveigja höfuðið aftur.
- Leitaðu að lífsmarki, öndun eða hreyfingum.
- Klemmdu fyrir nef og blástu í munn.
- Blástu rétt þannig að þú sjáir brjóstkassann lyftast.
- Hnoðaðu á miðjan brjóstkassa með beinum handleggjum.
- Haltu áfram að blása og hnoða á víxl þar til sjúkrabíll kemur.

**Hnoðtaktur** – 100x á mínútu

| | blása | hnoða |
|---|---|---|
| • Fullorðnir | 2x | 15x |
| • Börn | 1x | 5x |

Ef þú treystir þér ekki til að beita blástursaðferð skaltu eingöngu beita hjartahnoði. Það gerir líka gagn.



### Aðskotahlutur í öndunarvegi

**Einkenni:** Viðkomandi grípur um háls, getur ekki talað eða andað og fer að blána.



**Skyndihjálp – ungbörn:**
- Sláðu 5 sinnum á milli herðablaðanna.
- Þrýstu 5 sinnum á brjóstkassann.
- Endurtaktu ferlið þar til barnið andar eða sérhæfð aðstoð berst.
- 112 Ef barnið missir meðvitund skaltu hringja í **112** og hefja endurlífgun með blæstri og hjartahnoði.



**Skyndihjálp – börn frá 1 árs og fullorðnir:**
- Stattu fyrir aftan viðkomandi og griptu um kvið hans rétt fyrir ofan nafla.
- Krepptu hnefa annarrar handar og griptu um hnefann með hinni hendinni.
- Þrýstu snöggt inn á við og upp.
- 112 Endurtaktu ferlið þar til aðskotahluturinn hrekkur út eða sérhæfð aðstoð berst.
- Ef viðkomandi missir meðvitund skaltu hringja í **112** og hefja endurlífgun með blæstri og hjartahnoði.

## SLYS

**Tryggðu öryggi á slysstað**
- Stöðvaðu umferð að slysstað.
- Settu öryggisþríhyrning í 200 metra fjarlægð.
- Slökktu eld.
- Skorðaðu bílflak ef hætta er á að það velti.
- Aftengdu rafmagn ef um rafmagnsslys er að ræða.



### Brunasár

**Skyndihjálp:**
- Stöðvaðu brunann.
- Kældu brennda svæðið strax.
- 112 Ef bruninn nær yfir stórt svæði skaltu hringja í **112**.

### Blæðing
- Stöðvaðu blæðinguna.
- Þrýstu þétt á sárið með því hreinasta sem er við höndina.
- Lyftu blæðandi útlim.
- Ef blæðing stöðvast ekki skaltu þrýsta á aðliggjandi slagæð.
- Reyndu að hreinsa öll óhreinindi úr sárinu ef blæðing er ekki mikil.
- Ef um skurð er að ræða þarf að sauma innan 6 klst.



### Höfuðhögg

**Einkenni alvarlegs höfuðhöggs:** Rot, sljóleiki, minnistap, uppköst, höfuðverkur, krampaflog.

**Skyndihjálp:**
- 112 Athugaðu meðvitund, öndun og lífsmark.
- Hringdu í **112** ef höfuðhöggið virðist alvarlegt.
- Haltu höfðinu kyrru vegna hættu á hálsáverka.
- Ef engin alvarleg merki eru sjáanleg og höfuðhöggið virðist minniháttar skal fylgjast með viðkomandi í a.m.k. 6 klst.



### Beinbrot

**Skyndihjálp:**
- Stöðvaðu blæðingu.
- Skorðaðu brotið vel með spelku ef nauðsynlegt er að hreyfa viðkomandi.

Eftir hátt fall, harðan árekstur eða bílveltu skal hringja í **112** og láta flytja viðkomandi til læknisskoðunar – án tillits til þess hvort áverkar sjást.

## BRÁÐ VEIKINDI

### Bráðaofnæmi

**Einkenni:** Öndunarerfiðleikar, bólga á vörum, tungu eða í hálsi, útbrot, hraður hjartsláttur.

**Skyndihjálp:**
- 112 Hringdu í **112**.
- Aðstoðaðu við notkun adrenalínpenna ef viðkomandi á slíkan penna.



### Sykursýki – of lágur blóðsykur

**Einkenni:** Breyting á hegðun, skjálfti, fölvi, sviti, hungurtilfinning, krampar.

**Skyndihjálp:**
- Gefðu viðkomandi sykur (djús, súkkulaði, gos, sykurmola) ef hann getur kyngt.
- 112 Hringdu í **112** ef viðkomandi getur ekki kyngt eða vaknar ekki.

### Flog

**Skyndihjálp:**
- 112 Hringdu í **112**.
- Verðu viðkomandi fyrir meiðslum.
- Tryggðu að ekkert þrengi að öndun.
- Vertu hjá viðkomandi þar til kastið líður hjá.
- Reyndu að leggja viðkomandi á hliðina.
- Ekki setja neitt upp í viðkomandi.

### Brjóstverkur

**Einkenni:** Verkur fyrir brjósti sem leiðir oft út í handlegg og/eða háls, sviti og ógleði.

**Skyndilegur brjóstverkur hjá einstaklingi yfir 35 ára getur stafað af kransæðastíflu.**

**Skyndihjálp:**
- 112 Hringdu í **112**.
- Tryggðu eftir megni kyrrð og ró.
- Hagræddu viðkomandi í þægilega stöðu.
- Aðstoðaðu viðkomandi við að taka lyf hafi læknir ávísað þeim.
- Ef viðkomandi missir meðvitund og hættir að anda skaltu hefja endurlífgun með blæstri og hjartahnoði.



**Viltu læra skyndihjálp?** Hringdu í Rauða kross Íslands í síma 570 4000.

Rauði kross Íslands
www.redcross.is